

Kirkjuþing 2018  
11. mál – þskj. 11

## T I L L A G A

til þingsályktunar um stefnumótun fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar  
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af Örnunni Grétarsdóttur, Hreini Hákonarsyni,  
Guðrúnu Karls Helgudóttur og Hjaltu Hugasyni.  
Frsm. Arna Grétarsdóttir

Kirkjuþing 2018 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Prestafélagi Íslands og einn af Djáknafélagi Íslands. Verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu verði formaður nefndarinnar. Nefndin vinni náið með þeim sem koma að sérhæfði kærleikspjónustu kirkjunnar. Tillaga að stefnu fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar verði lögð fyrir kirkjuþing 2019.

### *Greinargerð.*

Kærleikspjónusta (diakonia) birtist okkur í starfi kirkjunnar víðsvegar um samfélagið. Þar fer fyrir sterk sérþjónusta kirkjunnar þar sem djáknar og prestar gegna sérhæfðri kærleikspjónustu. Þjónustan sýnir trú í verki með umhyggju, virðingu, huggun, nærveru og miðlun aðstoðar til líkama og sálar. Kærleikspjónustan verndar sköpunina og berst fyrir réttlæti nær og fjær. Kærleikspjónusta (diakonia) eru hendur Guðs í heiminum.

Kærleikspjónusta er m.a. skilgreind þannig:

*Díakonía er heils hugar ábyrg þjónusta í orði og verki, sem kristnir menn láta þurfandi í té. Hún er af rótum fagnaðarerindisins runnin.*“ (Dictionary of the Ecumenical Movement, WCC Publications Genf 2002).

Í *Stefnu og starfsáherslur þjóðkirkjunnar 2004-2010* er að finna stefnu fyrir kærleikspjónustu og hjálparstarf en löngu er orðið tímabært að vinna nýja stefnumótun fyrir kærleikspjónustu kirkjunnar. Á vordögum 2018 kallaði Ragnheiður Sverrisdóttir djákni og verkefnisstjóri á kærleikspjónustusviði, saman hóp starfsfólks sem vinnur innan sérþjónustu kirkjunnar. Hópurinn lagði af stað í stefnumótunavinnu fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar undir forystu verkefnisstjóra.

Árið 2010 var mál (nr. 25) sambærilegs efnis lagt fyrir kirkjuþing og var þingsályktunartillaga um þjónustu kirkjunnar samþykkt svohljóðandi:

*Kirkjuþing 2010 samþykkir megináherslur í skýrslu nefndar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar og felur kirkjuráði að fylgja eftir framkvæmd hennar.*

*Kirkjuþing samþykkir þá framtíðarsýn á starfsháttum kirkjunnar sem felst í samstarfssvæðum sókna, skilgreiningu á grunnþjónustu kirkjunnar og samþættingu við samþykktir um innri málefni kirkjunnar.*

*Kirkjuþing felur kirkjuráði í samráði við heimamenn að koma á fót samstarfssvæðum um allt land fyrir árslok 2011.*

*Kirkjuþing felur kirkjuráði einnig að skipa starfshóp til að ljúka stefnumótun um starfsmannahald og leiðtogaþjálfun, jafnt launaðra starfsmanna sem og sjálfboðaliða, í sóknum, prestaköllum, prófastsdæmum og öðrum stofnunum þjóðkirkjunnar. Þá taki starfshópurinn til umfjöllunar hlutverk kærleiksþjónustu í starfi safnaða og stofnana, svo skilgreiningu á störfum.*

*Hugað verði sérstaklega að heildarsýn í skipulagi og aðgreiningu samstarfssvæða og stjórnunareininga þjóðkirkjunnar.*

Málið var sameinað þingmáli nr. 7 sama ár og virðist vera að það hafi horfið við samrunann.

Í þessu máli er gert ráð fyrir að hópurinn sem lagði af stað sl. vor starfi áfram en fái til liðs við sig nefnd sem komi málinu í formlegan farveg innan kirkjunnar. Ef þurfa þykir verði fenginn sérfræðingur til að útbúa stefnumótunarskjal með mótaðri stefnu sem lagt verður fyrir kirkjuþing 2019. Verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs er best til þess fallinn að stýra þessari vinnu og því er lagt til að hann verði formaður.

Stefna þjóðkirkjunnar í málefnum fatlaðs fólks var samþykkt á kirkjuþingi 2011 og mætti vel hugsa sér að sú stefna verði endurskoðuð ef nefndinni sýnist þörf á því og hún sameinuð í eina stefnu kærleiksþjónustunnar.

*Kostnaður:*

Gert er ráð fyrir að starfsfólk kærleiksþjónustusviðs vinni að stefnumótun í sínum vinnutíma, en fenginn verði sérfræðingur að málinu ef þurfa þykir.

*Nefndarkostnaður og kostnaður við sérfræðing kr. 400.000.-*

**Umsögn fjármálastjóra, Sigurbjargar N. Hansen:**

Áætlaður kostnaður er eðlilegur og í samræmi við umfang.